

Þriðjudaginn 24. september 1991.

Nr. 282/1988. **Skógar sf.**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Sigurði Albertssyni

(Jóhann Þórðarson hrl.)

og gagnsök.

Landamerkjамál. Hefð. Sératkvæði. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1988. Hann krefst þess, að dæmt verði, að landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadal í Reykholtshreppi, Borgarfjarðarsýslu, séu þessi: „Brúsholtslækur frá Flókadalsá (punktur merktur B á landakorti á urskj. nr. 16 og uppdrætti á urskj. nr. 71) eftir því, sem lækurinn ræður norður í Bláfinnsvatn (punktur merktur A á urskj. nr. 16 og nr. 71), eða með öðrum orðum lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu (punktur A á urskj. nr. 16 og nr. 71) og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahörn útsunnan til við Flókadalsá, þar sem lækurinn rennur í ána og þar sem nú er brú á ánni (punktur merktur B á urskj. nr. 16 og nr. 71).“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisauka-skatts.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með gagnstefnu 6. október 1988. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en jafnframt, að viðurkennt verði, „að landamerki milli Skóga og Brúsholts í Reykholtshreppi séu þannig, að Brúsholtslækur ráði merkjum frá Bláfinnsvatni niður að gamla farvegi hans, sem er ofan þjóðvegarins, og síðan í beinu framhaldi eftir þessum þurra farvegi beint niður að þjóðveginum, þaðan bein lína suður í Flókadalsá, eins og nánar er innfært á urskj. nr. 69” með punktum merktum C, D og E. Við munþlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist lögmaður



HLUTI AF FLÓKADAL

TEIKNAD EFTIR LOFTMYND FRÁ 08.09.1983.


FL. H. NR. 1217 KORT 36 - VEGNA


RAKADÖMNINGSMÁLSINS NR 69/1987:

SKÓGAR S.F. GEGN SIGURDI ALBERTSSYNI

SKÝRINGAR STEFNUHORNNA

		LENGDIR
A-B		534.0 m
A-E	199.71°	930.7 m
A-F	225.39°	525.6 m
A-G	305.84°	341.9 m





gagnáfrýjanda þess til vara, að dæmt yrði, að gagnáfrýjandi hefði öðlast eignarrétt á þrætulandinu fyrir hefð. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ýmis ný gögn.

Með bréfi, dagsettu 5. október 1988, ritaði lögmaður aðaláfrýjanda bréf til Baldurs Jónssonar prófessors í íslenskri málfræði. Í bréfinu segir m.a. svo: „Hin tilteknu orð, sem óskað er eftir að þér skýrið sérstaklega í tengslum við annað í landamerkjalýsingunni og með skírskotun til landamerkjabréfa ... eru: „... í móahorn útsunnan til við Flókadalsá ...“ Í lok álitargerðarinnar, sem dagsett er 29. mars 1989, segir svo: „Niðurstaða mín er þá í stuttu máli þessi: Orðin, sem óskað er skýringar á, merkja ekki að móahornið sé einhvers staðar suðvestan við Flókadalsá, heldur að það sé við Flókadalsá (að norðanverðu), þar sem Brúsholtslækur kemur í ána, í útsuðlæga stefnu frá ósi lækjarins úr Bláfensvatni.“

Með bréfi, dagsettu 17. janúar 1989, ritaði lögmaður aðaláfrýjanda bréf til Bjarna Helgasonar, Ph.D., jarðvegsfræðings og Karls Grönvolds, D.Phil., jarðfræðings með beiðni um, „að þér athugið og segið til um, hvort sjáanlegir séu aðrir farvegir, þar sem Brúsholtslækur hefur fallið í Flókadalsá, en núverandi farvegur og hvort unnt er að staðfesta, að „móahorn útsunnan til við Flókadalsá“, sem vísað er til í landamerkjabréfi Brúsholts 1884, sé að finna við brúarstæði á Flókadalsá, þar sem Brúsholtslækur rennur í ána. Þá er óskað umsagnar yðar um gildi þeirra korta og loftmynda, sem til eru af þessu landsvæði, við mat á hugsanlegum breytingum á farvegi Flókadalsár og Brúsholtslækjar“. Framangreindir sérfræðingar skiluðu sameiginlegri álitargerð, sem dagsett er 25. maí 1989, með svofeldri niðurstöðu: „Könnun á staðhättum og þeim gögnum sem fyrir liggja - jarðfræðilegum, rituðum, kortum og loftmyndum - bendir ekki til þess að Flókadalsá á því landi sem um er spurt eða Brúsholtslækur hafi breytt farvegum sínum á seinustu öldum.“ Í álitargerðinni segir enn fremur: „Varðandi móahornið útsunnan til við ána skal bent á að hvorugum megin árinna er „horn“ að sjá nú - bakkar allir sléttir uns komið er að klettahorni því, þar sem nú er brúarstæði við Flókadalsá að norðanverðu á mótis við Múla-

staði og upphaflega hefur myndað þá fyrirstöðu vatns sem fyrir getur. Á umræddu klettahorni er að finna móa/holtajarðveg með dæmigerðum holtagróðri, berjalyngi og língrösum. Gróður þessi er að vísu ekki samfelldur við núverandi aðstæður og vegagerð við brúarstæðið hefur valdið þarna jarðraski og tilflutningi jarðvegs. Engu að síður verður ekki fram hjá því gengið að þarna er um móa/holtajarðveg að ræða. Álíta verður því að umrætt klettahorn sé það móahorn sem til er vísað í landamerkjabréfi 1884 og er hvergi annað móahorn líklegra að finna við árbakka Flókadalsár á umræddu svæði.“

Með bréfi, dagsettu 7. febrúar 1989 ritaði lögmaður aðaláfrýjanda bréf til Landmælinga Íslands með ósk um „frekari umsögn ... um innbyrðis nákvæmni þeirra korta og loftmynda, sem lögð hafa verið fram ...“, svo og var beiðst „umsagnar um gildi umræddra korta og loftmynda af svæðinu við mat á hugsanlegum breytingum á farvegi Flókadalsár og Brúsholtslækjar á síðustu öldum, svo og hvaða ályktanir um breytingar megi draga að dómi Landmælinga Íslands. Þá er óskað hæðarmælinga við Flókadalsá...“ Í álitsgerð Ágústs Guðmundssonar, forstjóra Landmælinga Íslands, 4. júlí 1989, segir: „NIÐURSTÖÐUR. Með vísun til þeirra korta og loftmynda, sem að framan hefur verið gerð grein fyrir, og þess, sem sagt hefur verið um gildi þeirra til ákvörðunar um staðhætti í Flókadal, er niðurstaðan sú, að lega og stærð Flókadalsár hafi verið óbreytt þann tíma, sem fyrrgreind gögn ná yfir, frá 1833 til dagsins í dag, og að umrætt tímabil bendi ekkert til annars en óbreyttrar legu Brúsholtslækjar (að frátöldu raski vegagerðar) og lækurinn hafi því fallið í ána á sama stað og nú er, sbr. það, sem loftmyndir sýna.“

Lögmaður gagnáfrýjanda ritaði hinn 15. apríl 1989 bréf til Páls Bergþórssonar og óskaði álits hans á orðalagi landamerkjabréfsins frá 1884, „þar sem ég veit að þú ert vel kunnugur öllum staðhátum í Borgarfirði svo og málvenju fólks þar ...“ Umsögn Páls er dagsett 3. maí 1989. Hann vísar til orðabókar Sigfúsar Blöndals og kemst að þeirri niðurstöðu, að „útsunnan til við Flókadalsá... merki einfaldlega útsunnan megin við ána“. „Við ár í Borgarfirði er algengt, að kallað sé horn, þar sem bakkinn myndar nes eða tanga út í ána. Þar sem á rennur þannig í sveig eða bugðu utan um móa, er því

móahorn. Eitt slíkt er einmitt að finna handan við Flókadalsá, þar sem er eystra túnið, sem sést á loftmynd frá 1983.“ Telur hann, að þarna sé að finna umrætt móahorn. Hefur hann dregið línu úr punktinum L, sem merktur er í farveg lækjarins ofan vegar, og í punktin M í áðurgreint móahorn sunnan árinna. Þar telur hann merkjalínuna liggja.

Nýir uppdrættir hafa verið lagðir fram í málinu svo og kort og ljósmyndir auk ýmissa annarra skjala.

II.

Elsta heimild, sem fram kemur í gögnum málsins um landamerki Brúsholts og Skóga milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár, er lögfesta á Brúsholti, sem getið er í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1665. Þar er landamerkjum lýst þannig: „... að austan milli Brúsholts og Skóga ræður lækur sá sem rennur úr Bláfinnsvatni og kallaður er Brúsholtslækur og það suður í Flókadalsá. ...“

Í lögfestu á Brúsholti 22. maí 1794 er samhljóða lýsing á þessum landamerkjum jarðanna.

Í landamerkjabréfi fyrir Brúsholt 4. júní 1884 er umræddum landamerkjum lýst þannig: „Landamerki á jörðinni Brúsholti, að austanverðu ræður lækur sá er rennur úr Bláfensvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá (Hóladalsá) og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá. Þaðan ræður áin...“ Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni Einarssyni, Skógum, Halldóri Halldórssyni, Steðja, Þorsteini Þorsteinssyni, Geirshlíð, og Gísla Jónssyni, sem ætla verður að gætt hafi hagsmuna Brúsholts. Bréf þetta var innritað óbreytt í landamerkjabók hinn 27. september 1922 með vísan til laga nr. 72/1921 um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Síðasta skráða heimildin, sem við er að styðjast um þessi landamerki, er landamerkjabréf fyrir Skóga frá 1892. Þar er landamerkjum svo lýst: „Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá eftir því sem lækurinn ræður norður í Bláfinnsvatn...“

Landamerkjabréf þetta er undirritað af þáverandi eigendum Brúsholts og Skóga og einnig af eigendum og ábúendum nágrannajarðanna Hæls, Eyrar, Geirshlíðar og hálfra Hrísa. Bréfið var lesið á manntalsþingi 31. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Borgar-

fjarðarsýslu. Bréfið var þinglesið og innritað að nýju 19. mars 1923 í samræmi við lög nr. 72/1921. Hvergi í gögnum málsins sér þess stað, að þá eða síðar hafi brigður verið bornar á rétta lýsingu landamerkja í bréfi þessu.

Ljóst er af þessum heimildum, að Brúsholtslækur hefur öldum saman ráðið landamerkjum Brúsholts og Skóga milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár.

Gagnáfrýjandi byggir kröfugerð sína á því, að Brúsholtslækur hafi breytt farvegi sínum, svo að rétt landamerki, þegar nær dregur ánni, séu mun austar en farvegur lækjarins nú. Þetta er ósannað, og verður því við það að miða, að lækurinn í núverandi farvegi ráði landamerkjum Brúsholts og Skóga alla leið milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár, þegar frá er talið rask, sem varð vegna vegaframkvæmda.

Í héraðsdómi er getið um þá málsástæðu gagnáfrýjanda, að hann hafi með nýtingu hins umdeilda lands, „svo lengi sem menn muna“, unnið á því hefð, sbr. 3. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Um þessa málsástæðu er ekkert fjallað í dóminum, enda þótt aðalkrafa gagnáfrýjanda sé eigi tekin til greina að öllu leyti. Í málflutningi lögmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti kom fram, eins og áður sagði, að krafist væri eignarhefðar, er byggðist á nýtingu slæгна á hinu umdeilda landi og hlutdeild í veiðihlunnindum í Flókadalsá fyrir landinu samkvæmt arðskrá, sem til eru fyrir ána og eru frá 1957 og 1958.

Í fjölda vottorða, sem lögð hafa verið fram í málinu, er vottað um nýtingu hinnar umdeildu landspildu til slæгна frá Brúsholti svo og um landamerkin, sem um er deilt í málinu. Í engu vottorðanna kemur fram, hvenær þessi nýting landsins hófst. Eitt vitni getur þess í framburði fyrir dómi, að upp úr 1950 hafi síðast verið heyjað á spildunni. Gagnáfrýjandi greinir frá því í aðilaskýrslu fyrir dómi, að heyjað hafi verið þar annað hvert ár, síðast 1967. Í þeim vottorðum, sem um landamerkin fjalla, er það oftast með þeim orðum, að vottorðsgjafi viti eigi til þess, að ágreiningur hafi verið uppi um landamerkin. Um veiðirétt í Flókadalsá fyrir hinu umdeilda landi koma hvorki fram upplýsingar í vottorðum né framburði vitna fyrir dómi. Hins vegar kemur fram í óstaðfestri yfirlýsingu Jóhanns Sæmundssonar og Gests Kristjánssonar 12. september 1987, sem

virðast hafa á hendi mat veiðisvæða í Flókadalsá vegna arðskrár fyrir ána, að í tillögum þeirra til Veiðifélags Flóku sé þetta veiðisvæði metið „með Brúsholtsveiðum eins og það hafði áður verið“.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og þeirra óræku heimilda, sem á var byggð niðurstaða hér að framan um margnefnd landamerki, eru eigi efni til að fallast á það með gagnáfrýjanda, að fullnægt sé skilyrðum 3. gr. laga nr. 46/1905 fyrir því, að hann hafi öðlast eignarrétt fyrir hefð að umræddri landspildu norðan Flókadalsár og austan Brúsholtslækjar.

Samkvæmt því ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um, að Brúsholtslækur ráði landamerkjum milli Brúsholts og Skóga í núverandi farvegi, eins og hann er markaður á uppdrátt á héraðsdómsskjali nr. 71 af Skúla Jóhannssyni verkfræðingi 30. júní 1988.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Lögmenn aðila öfluðu hvor um sig álitsgerða sérfróðra manna og lögðu fram í málinu í stað þess að hlutast til um dómkvaðningu matsmanna. Þá voru lögð fram af hálfu gagnáfrýjanda vottorð á þriðja tugar manna. Af þeim, sem vottorð þessi undirrituðu, komu einungis sjö fyrir dóm og báru vitni. Þessi málatilbúnaður fer í bága við meginreglur réttarfars um sönnunarfærslu í dómsmálum, og ber að átelja hann.

D ó m s o r ð:

Landamerki Brúsholts og Skóga ákveðast þannig: Brúsholtslækur ræður landamerkjum jarðanna milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár, eins og markað er á framangreindan uppdrátt frá punkti A í punkt B.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

I.

Gagnáfrýjandi, sem er fæddur 1915, kveðst hafa átt heima í Brúsholti frá barnsaldri. Hann heldur því fram, að móahornið hafi verið sérstakt örnefni, „stórpúfóttur mói“. Það hafi verið í „krika milli

tigulstykkisins og stykkisins fyrir vestan ...“ Á hann hér við tvö túnstykki sunnan Flókadalsár í landi Múlastaða. Heyskapur hafi jafnan verið stundaður frá Brúsholti á þrætulandinu, þ.e. á Stóru-eyri austur að merkjum, sem greini frá í landamerkjaskránni frá 1884, en þau merki hafi verið í gildi eins lengi og núlifandi menn muni og jafnan virt og viðurkennd af ábúendum Skóga. Hann hafi því vitað um þessi merki í meir en 70 ár. Hann kveðst hafa heyjað Stórueyri annað hvert ár, síðast 1967. Fullt samkomulag hafi einnig verið um þau merki, þegar arðskrá fyrir Flóku var gerð 1958. Eigendur beggja jarðanna hafi komið á vettvang, þegar bakkalengd Flóku var þá mæld. Hann kveðst aldrei hafa heyrt ágreining nefndan um áðurnefnd landamerki, fyrr en einn af núverandi eigendum Skóga sf. hafi haustið 1986 talið þrætulandið tilheyrja Skógum. Sjálfur kveðst gagnáfrýjandi aldrei hafa séð landamerkjabréfið fyrir Skóga frá 1892 fyrr en við málaferli þessi. Gagnáfrýjandi hefur látið teikna inn á uppdrátt, héraðsdómsskjal nr. 69, merkjalínu þá, sem hann telur vera rétt landamerki milli jarðanna. Er línan bein og dregin milli punktanna C til E um punktinn D.

Vitnið Sveinn Þórðarson, fæddur 1925, sonur Þórðar Erlendssonar í Skógum, hefur með yfirlýsingu 10. maí 1987 skýrt svo frá, að það hafi verið heimilismaður í Skógum til ársins 1955. Hafi landamerki milli jarðanna verið þessi: „Lækur er rennur úr sunnanverðu Bláfinnsvatni þar til hann kemur að eyri er Stóraeyri nefnist. Þar rennur lækur til vesturs, en til austurs meðfram móabardi um 60-70 m leið er lægð í eyrina, en sveigir síðan til suðurs og liggur að Flókadalsá. Þessi lægð var talin landamerkjalinna, enda skiptust þar slægjulönd milli jarðanna. Um þessi landamerki reis aldrei neinn ágreiningur.“

Ofangreinda merkjalýsingu hefur Guðmundur Þórðarson, bróðir vitnisins og sá, sem seldi aðaláfrýjanda Skóga, lýst rétta með svo-felldri yfirlýsingu, dagsettri 24. maí 1987: „Ég undirritaður staðfesti hér með, að ofanrituð merkjalýsing er að mínum dómi rétt.“

Ingi Þórðarson hefur með yfirlýsingu 1. nóvember 1987 skýrt svo frá: „Ég undirritaður, ... fæddur 9. apríl 1933 í Skógum ... átti þar heima til ársins 1958. Á þeim tíma var aldrei um ágreining að ræða milli Skóga og Brúsholts um landamerki svo ég vissi til og staðfesti ég hér með yfirlýsingu bræðra minna dags. 10.5.1987 og 24.5.1987 um landamerki.“

Vitnið Sveinn Þórðarson kveðst hafa fengið vitneskju um landamerkin frá föður sínum, er vitnið „sló í lautinni, sem er á merkjunum. Faðir minn segir mér að ég sé kominn í merki. Ég spyr, hvort lækur ráði ekki merkjum. Hann segir nei og hann sýnir mér þau merki sem ég hefi skýrt frá.“ ... „Merkjalínan milli Skóga og Brúsholts skipti slægjulandinu milli jarðanna, Skógar að austan og Brúsholt að vestan.“ Vitnið kveðst muna eftir torfu sunnan við Flókadalsá. Hún „er farin nú, en hún var nokkuð beint undan þeirri laut sem landamerki milli Skóga og Brúsholts voru þegar ég bjó í Skógum.“ Nánar aðspurt hvar merkin væru, þegar staðið er á veginum við ræsið, var svarið: „Í beinni sjónhending er þetta beint í suður, þar er girðing. Þar var dökkur staur. Í mínum huga eru landamerki rétt austan við þennan staur.“ Við vettvangsgöngu mátti greina þennan staur.

Magnús Sigurjónsson, sem kveðst hafa verið bóndi á Múlastöðum um tuttugu ára skeið frá 1952, segist þá hafa heyrt, að merki milli Brúsholts og Skóga „væru um Brúsholtslæk, þar sem hann rennur úr Bláfinnsvatni og niður slakkann milli bæjanna og síðan í beinu framhaldi af læknum suður í Flókadalsá, þvert yfir eyrina.“ Hann giskar á, að Flóka hafi brotið allt að 30 metra breiða spildu af landi Múlastaða á þessu tímabili og af þeim sökum hafi þurft að færa girðingu þarna tvisvar.

Herdís Guðmundsdóttir, sem kveðst vera fædd og uppalin á Hæli og hafa átt þar heima fram yfir tvítugt, segir, „að faðir minn, Guðmundur Bjarnason, bóndi á Hæli, sagði mér, að merkin milli Brúsholts og Skóga í Flókadal væru um lækinn, sem rennur úr Bláfinnsvatni og beina stefnu suður í Flókadalsá. Föðurbróðir minn, Júlíus Bjarnason, var bóndi í Skógum 1917 - 1924, og faðir minn dvaldi lengst ævi sinnar í Flókadal.“

Pétur Haraldsson greinir svo frá: „Vorið 1958 vorum við Halldór Þórmundsson, Bæ, fengnir til að mæla Flóku frá ólaxgengum fossi í Hrísalandi og niður í ármót við Hvítá, vegna þess að gera átti arðskrá fyrir ána. Mælt var að norðanverðu við ána og voru landeigendur í Flókadal fengnir til að koma á landamerkin og staðfesta þau, þar sem við vorum þeim ókunnugir. Hvergi var neinn ágreiningur um landamerki.“

Jóhann Sæmundsson og Gestur Kristjánsson hafa hinn 12. sept-

ember 1987 gefið yfirlýsingu. Þar segir m.a. svo: „Á sáttafundi, sem sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hélt á skrifstofu sinni 11. sept. 1987 með eigendum jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadal, kom fram ósk um að metið yrði sér það svæði í Flóku, sem ágreiningur er um milli eigenda þessara jarða. Við matsmenn höfum fallist á það, en í tillögum okkar til Veiðifélagsins Flóku er þetta veiðisvæði metið með Brúsholtsveiðum, eins og það hafði áður verið. Bakkalengd árinna að þessu svæði er 590 m.“

Stefán Eggertsson hefur skýrt svo frá: „Ég undirritaður fluttist að Steðja, Reykholtshreppi, 1953 og hef verið búsettur þar síðan. Vorið 1958 var gerð mæling á Flóku vegna arðskrár og voru landeigendur fengnir til að koma á landamerki og staðfesta þau. Ég kom á merki Brúsholts og Skóga vorið 1958 þegar mælingin fór fram. Þar voru fyrir Guðmundur Þórðarson ... Skógum, Sigurður Albertsson bóndi Brúsholti ásamt mælingamönnum Péttri Haraldssyni og Halldóri Þórmundssyni. Þar var enginn ágreiningur um landamerki.“

Bjarni Bjarnason, fæddur 1912, kveðst hafa alist upp á Múlastöðum og átt þar heima til 19 ára aldurs. Hann greinir svo frá, „að ég man vel eftir torfvörðu, sem stóð á suðurbakka Flóku á svonefndum Hring í landi Múlastaða. Varða þessi var því sem næst beint á móti þar sem Brúsholtslækur fellur niður af hæðinni áður en hann beygir til vesturs. Alltaf þegar heyjað var á áðurnefndri eyri var það gert af Brúsholtshólki. Heyrði ég aldrei annars getið en að eyrin væri í Brúsholtshólki.“

Auður Lárusdóttir, fædd á Eyri í Flókadal árið 1930 og var þar til 18 ára aldurs, skýrir svo frá: „Ég staðfesti hér með, að á mínum uppvaxtarárum heyjuðu ábúendur í Brúsholti eyrarnar norðan við Flókadalsá á móti Múlastaðalandi. Á ég við þann stað, þar sem nú er efri brú árinna.“

Hjördís og Sigrún Oddgeirsdætur, sem fæddar eru og uppaldar á Múlastöðum og áttu þar heima til um það bil 19 ára aldurs, skýra svo frá, „að heimilisfólk í Brúsholti stundaði heyskap á eyrinni við Flókadalsá móts við svonefndan Hring í Múlastaðalandi. Hringur þessi er þar, sem nú er túnið á árbakkanum fram frá brúnni á Flókadalsá milli Múlastaða og Brúsholts“.

Guðmundur Bergsson, Hvammi, hefur greint svo frá, að Brúsholt

hafi haft allar nýttar af ágreiningslandinu, „það var slegið þarna frá Brúsholti, oft meðan ég var í Skógum, og eitt sumar, 35 - 36, var ég að hálfu kaupamaður í Brúsholti, og þá var heyjað þarna“.

Sigurbjörn Björnsson, fæddur 1921, hefur í vottorði 30. október 1987, skýrt svo frá, að hann hafi „alla ævi átt heima í Hrísum. Þar til í vor hafði ég aldrei heyrt talað um að merki milli Brúsholts og Skóga væru óljós eða að ágreiningur væri um þau, enda man ég ljóslega, að heyskapur var stundaður á Stórueyri“.

Rósa Guðmundsdóttir, fædd 1921, kveðst hafa átt heima í Geirshlíð frá 1952. „Þar til í sumar hafði ég aldrei heyrt getið um að landamerki milli Brúsholts og Skóga væru óljós eða að ágreiningur væri um þau.“

Guðmundur Lárusson, fæddur 1926, sem kveðst hafa alist upp á Eyri og átt þar heima alla ævi, segir, að á „uppvaxtarárum mínum og þar til engjaheyskapur var lagður niður var Stóraeyri, sem liggur norðan við Flóku á móti svonefndum Hring í Múlastaðalandi, alltaf heyjuð af ábúendum Brúsholts. Veit ég ekki til að neinir aðrir hafi stundað þar heyskap“.

Jón Þorsteinsson og Sigríður Þorsteinsdóttir, Giljahlíð, Jakob Guðmundsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir, Hæli, Árni Theodórs-son og Vigdís Sigvaldadóttir, Brennistöðum, hafa öll lýst því yfir, að þau hafi ekki fyrr en á árinu 1987 heyrt getið um, að landamerki milli Brúsholts og Skóga væru óljós eða ágreiningur væri um þau.

Ljótunn Jónsdóttir, sem kveðst vera fædd og uppalin í Geirshlíð og dvalið þar langdvölum fram um 1950 og verið vel kunnug í Brúsholti, segir, „að Brúsholtسفólk stundaði jafnan heyskap á eyrinni austan við Brúsholtslæk, þar sem hann rennur í Flókadalsá ofan við núverandi brú á ánni“.

II.

Ákvæði landamerkjabréfanna frá 1884 og 1892 stangast á. Fallast má á túlkun héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómanda í jarðfræði, að rennsli og lega Brúsholtslækjar og Flókadalsár hafi verið eins og í héraðsdóminum greinir. Svo sem málið liggur fyrir, þykir bera að túlka landamerkjabréfið frá 1884 gagnáfrýjanda í vil, en ætla verður, að svokallað móahorn hafi verið austar í landi Múlastaða, en ekki þar, sem í héraðsdómi greinir. Á hitt er hins

vegar að líta, að gagnáfrýjandi, sem keypti jörðina Brúsholt á árinu 1955 og taldi sig þá jafnframt kaupa þrætulandið, hefur nýttjað umrædda landspildu til engjaheyskapar, meðan sá heyskapur tíðkaðist, og haft fullan arð af laxveiði í Flókadalsá fyrir landinu ómótmælt af eigendum Skóga í meira en 20 ár. Hefur hann því haft allar nytjar af landspildunni í hefðartíma fullan, sbr. 2. og 3. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Ber því með vísan til 1. mgr. 6. gr. hefðarlaga að telja gagnáfrýjanda eiganda að landspildunni með þeim merkjum, sem hann hefur markað á uppdráttinn á héraðsdómsskjali nr. 69.

Ég tel rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, tel ég, að dómsorð eigi að vera svohljóðandi:

Landamerki milli jarðanna Brúsholts og Skóga ákveðast þannig: Brúsholtslækur úr Bláfinnsvatni í punkt, sem merktur er C á framangreindum uppdrætti, þaðan bein lína, sem dregin er um punktinn D í punktinn E.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí 1988, endurupptekið 24. maí sl. og dómtekið að nýju 4. júlí, var þingfest á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. nóvember 1987.

Stefnandi málsins er Skógar sf., eigandi jarðarinnar Skóga, Reykholtaldalshreppi.

Stefndi er Sigurður Albertsson bóndi, Brúsholti, Reykholtaldalshreppi, eigandi þeirrar jarðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að landamerki jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadalsá í Reykholtaldalshreppi séu þessi: Brúsholtslækur frá Flókadalsá (punktur merktur B á landakorti á dskj. nr. 16), eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn (punktur merktur A á nefndu dómskjali nr. 16), með öðrum orðum, lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu (punktur A á dómskjali nr. 16) og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá, þar sem lækurinn rennur í ána og þar sem nú er brú á ánni (punktur merktur B á dskj. nr. 16). Hann vísar enn fremur til uppdráttar á dskj. nr. 71 um kröfulinur sínar og bendir einnig á, að þar sem rætt er um lækinn, þá sé átt við miðjan farveginn, sbr. vatnalög.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk söluskatts.

Orðalag úr fyrri setningu kröfunnar kveður stefnandi tekið úr landamerkjalyðsingum jarðarinnar Skóga, en orðalag í annarri setningu kröfunnar úr landamerkjalyðsingu jarðarinnar Brúsholts að viðbætti viðmiðuninni við brúna, sem sé nýtt kennileiti við móahornið, þar sem lækurinn rennur í ána. Efnislega séu setningar í kröfulýsingu samhljóða, þótt hin fyrri lýsi læknum sem merkjum frá ánni að vatninu, en hin síðari frá vatninu að ánni.

Stefndi gerir þær dómkröfur endanlegar að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að viðurkennt verði með dómi, að landamerki milli Skóga og Brúsholts í Reykholtssdalshreppi verði þannig, að Brúsholtslækur ráði merkjum frá Bláfinnsvatni og niður að gamla farvegi hans, sem er ofan þjóðvegarsins, síðan í beinu framhaldi eftir þessum þurra farvegi beint niður að þjóðveginum, þaðan bein lína suður í Flókadalsá skv. uppdrætti á dskj. nr. 69.

Þá er og gerð krafa um það, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. mati réttarins svo og söluskatt af lögfræðipjónustu.

Dómendur gengu á vettvang 17. maí 1988.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Jarðirnar Skógar og Brúsholt í Flókadal í Reykholtssdalshreppi liggja hvor að annarri meðfram Flókadalsá (Flóku), og fylgir veiðiréttur í henni báðum jörðunum.

Núverandi eigandi Skóga, Skógar sf., keypti jörðina árið 1972 af Guðmundi Þórðarsyni, sem keypt hafði hana af föður sínum, Þórði Erlendsyni, en sá keypti jörðina 1924 af Guðmundi Illugasyni, sem fæddur var þar 1899.

Núverandi eigandi Brúsholts, Sigurður Albertsson, hafði setið jörðina sem leiguliði frá 1948, keypti hana af Gjafasjóði Einars og Ástríðar Steindórsstaðahjóna 1955, en jörðin hafði verið í eigu þess sjóðs frá 1922, er Ástríður, ekkja Einars Magnússonar, bónda á Steindórsstöðum, lést, en hann hafði átt jörðina frá 1892.

Á árinu 1987 óskaði Veiðifélag Flóku eftir því, að gerð yrði ný arðskrá um veiði árinna, en hún hafði einu sinni áður verið gerð árið 1958. Kom þá í ljós, að stefnendur vildu ekki una því, að Brúsholti tilheyrði svo mikið land meðfram ánni sem matsmenn virtust gera ráð fyrir. Komu stefnendur mótmælum sínum á framsæri við sýslumann, samanber 8. gr. laga nr. 41, 1919.

Boðaði sýslumaður aðila til aukadómþings samkvæmt fyrrgreindu laga-

ákvæði 11. september 1987, og var málið þá tekið fyrir og því frestað til áttaumleitan til 9. október 1987. Áttaumleitanir reyndust árangurslausar, og höfðaði stefnandi því mál þetta, eftir að hafa óskað hafningar á fyrri máli, sem stefndi samþykkti. Um þessa málshöfðun segir stefnandi svo í stefnu: „Með 44. gr. laga nr. 28, 1981, voru 9.-19. gr. landamerkjaganna frá 1919 felldar niður, en þær fjölluðu m.a. um merkjadóm og réttarfar í landamerkjamálum. Af þeim greinum nefndra laga, sem mæltu fyrir um réttarfar í landamerkjamálum, stendur nú 8. gr. ein eftir. Til að fyrirbyggja hugsanlega réttaróvissu um meðferð þessa máls hefur það orðið að samkomulagi á milli lögmanna málsaðila, að stefnandi höfði málið með útgáfu þessarar stefnu...“

Landamerkjabréf jarðarinnar Brúsholts var lesið á manntalsþingi 4. júní 1884 og innritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu og síðan endurinnritað 27. september 1922, sbr. l. nr. 72/1921. Bréfið hljóðar svo, að því leyti sem hér skiptir máli: „Landamerki á jörðinni Brúsholti, að austanverðu ræður lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefndu niður að Flókadalsá (Hóladalsá), og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá ...“.

Landamerkjabréf jarðarinnar Skóga var lesið á manntalsþingi 1892 og innritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu og síðan endurinnritað 19. mars 1923, sbr. l. nr. 72/1921. Bréfið hljóðar svo, að svo miklu leyti sem hér skiptir máli: Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn, svo beint norður yfir vatnið....“

Deilumál aðila snýst um það, hvar landamerki milli jarðanna eru niðri við Flókadalsá. Stefnendur halda því fram, að Brúsholtslækur, eins og hann rennur nú í Flókadalsá, skipti löndum jarðanna, en stefndi telur landamerki vera ofar, enda hafi bóndinn í Brúsholti stundað engjaheyskap hér áður fyrr á svonefndri Stórueyri, sem nú væri innan landamerkja Skóga, ef Brúsholtslækur skipti nú löndum, þar sem hann kemur í Flókadalsá.

Krafa stefnanda er byggð á því, að með leigusamningi, dagsettum 1. júlí 1972, hafi stefnandi tekið jörðina Skóga í Flókadal í Reykholtshreppi á leigu af þáverandi eiganda hennar, Guðmundi Þórðarsyni, Akurgerði, Reykholtshreppi. Í leigusamningnum segir svo um landamerki jarðanna: „...með þeim landamerkjum, sem þinglesin eru á manntalsþingi Reykholtshrepps á Sturlureykjum 31. maí 1892 og rituð eru í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu“.

Hinn 28. desember 1974 hafi áður nefndur Guðmundur Þórðarson afsalað stefnanda jörðinni. Í afsalsbréfinu sé landamerkjum milli jarðanna Skóga og Brúsholts lýst þannig: „Landamerki jarðarinnar voru þinglesin á manntalsþingi að Sturlureykjum 31. maí 1892 og rituð í landamerkjabók

Borgarfjarðarsýslu og eru: Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn (Brúsholtslækur) ræður, norður í Bláfinnsvatn...“ Samhljóða lýsingar séu í landamerkjum nefndra jarða allt aftur til ársins 1794. Ekkert hafi komið fram, sem vefengi gildi þessara skjala.

Elsta heimild (dskj. nr. 12), sem stefnandi vitnar til, er lögfesta um landamerki jarðarinnar Brúsholts, sem Þórður Þorsteinsson gerði að Vindási í Kjós 22. maí 1794 fyrir hönd systur sinnar, Margrétar Thorsteinsdóttur, og dóttur hennar, Guðrúnar Eiríksdóttur. Samkvæmt endurriti af skjalinu, staðfestu af Aðalgeiri Kristjánssyni f.h. Þjóðskjalasafns, segir svo um landamerki milli Brúsholts og Skóga: „J Fyrstu að Austan mille Brusholts og Skoga rædur lækur sá sem kemur ur Bláfinns Vatne og kalldr er Brusholts Lækur og það suður í Flókadals Á...”

Næst nefnir hann landamerkjabréf fyrir Brúsholt, sem lesið var á manntalsþingi að Sturlureykjum 4. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu. Þar sé landamerkjum á milli jarðanna lýst með svofelldum orðum: „...að austanverðu ræður lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá (Hóladalsá) og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá. Þaðan ræður áin niður að Hrossakleggi...” Orðalagið sé efnislega hið sama og í lögfestunni frá 1794, en bætt við nánari lýsingu á legu lækjarins. Sé legu lækjarins réttilega lýst sem nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá, en síðan beygi lækurinn til útsuðurs (suðvesturs), uns hann renni í Flókadalsá við móahorn, þar sem nú hefur verið byggð brú yfir ána. Ekki hafa fundist neinar yngri lýsingar á merkjum Brúsholts og Skóga, sem breyti landamerkjunum í bréfunum frá 1794 og 1884. Frá árinu 1892 til 1955 hafi Brúsholt verið fyrst í eigu Einars Magnússonar, bónda á Steindórsstöðum, en eftir lát hans 1915 eign ekkju hans, Ástríðar Pálsdóttur, og eftir lát hennar 1922 eign Gjafasjóðs Einars og Ástríðar til 1955. Þau hjón, Einar og Ástríður, bjuggu aldrei í Brúsholti, heldur bjuggu þar leiguliðar öll árin frá 1892 til 1955. Í afsali til stefnda frá 31. mars 1955 sé ekkert minnst á landamerki jarðarinnar, en hann keypti jörðina af nefndum gjafasjóði.

Í þriðja lagi vitnar stefnandi í landamerkjabréf fyrir Skóga, sem lesið var á manntalsþingi 31. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu, en þar segir svo um merkin milli Skóga og Brúsholts: „Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn.”

Hér sé efnislega samhljóða lýsing á merkjum og í þeim landamerkjabréfum fyrir Brúsholt, sem áður var að vikið, það er, að lækurinn ráði merkjum. Lýsingin sé hins vegar með þeim hætti, að lýst sé frá Flókadalsá, það er, að lækurinn ráði frá ánni að Bláfinnsvatni, en í Brúsholtsbréfinu sé samsvarandi lýsing frá vatninu að ánni.

Þá nefnir stefnandi, að í þeim afsölum, sem gefin hafi verið út fyrir jörðinni Skógum frá 1892, en þau séu fjögur, sé ætíð um landamerki vitnað til landamerkjálýsingarinnar frá 1892 að undanskildu afsali frá 19. september 1970, er Þórður heitinn Erlendsson, fyrrum bóndi í Skógum, seldi Guðmundi, syni sínum, jörðina.

Í leigusamningi, sem Guðmundur Þórðarson gerði við stefnanda um jörðina 1. júlí 1972, sé hins vegar vitnað í landmerkjalýsinguna frá 1892, og þegar hann selur stefnanda jörðina 28. desember 1974, sé landamerkjálýsingin frá 1892 tekin orðrétt upp í afsalið. Fyrir liggi efnislega samhljóða yfirlýsingar frá þeim fegðum, Þórði Erlendssyni, sem átti Skóga frá árinu 1924 til 1970, og syni hans, Guðmundi Þórðarsyni, sem átti jörðina frá 1970, til þess er hann seldi hana stefnanda 1974. Þar staðfesti þeir báðir, Þórður, að meðan hann var eigandi jarðarinnar, og Guðmundur, frá því hann eignaðist jörðina og fram til þess, að hann gaf yfirlýsinguna 27. desember 1972, hafi engri landspildu jarðarinnar eða hlunnindum verið afsalað né heldur ítökum í landspildum eða hlunnindum. Báðir vísi þeir til landamerkjanna frá 1892, og báðir lýsi þeir yfir, að merkin við ána séu, þar sem „lækurinn rennur í Flókadalsá við hina nýju brú á ánni hjá Múlastaðum“.

Stefnandi lýsir þeirri skoðun sinni, að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum séu landamerki umræddra jarða skýr og afdráttarlaus, Brúsholtslækur frá Bláfinnsvatni (merkt A á landabréfi á dskj. nr. 16) í ós hans við móabard útsuður við Flókadalsá, þar sem nú hefur verið gerð brú á ána (merkt B á dskj. nr. 16). Sjá einnig dskj. nr. 71. Loftljósmyndir Landmælinga Íslands, sem lagðar hafa verið fram á dskj. nr. 14 og 15 og teknar eru með nærri 40 ára millibili, sýni glögg, hvar og hvernig lækurinn hefur runnið og rennur enn.

Loks mótmælir stefnandi staðhæfingum, sem fram koma í vottorðum, lögðum fram af stefnda, að landamerki milli jarðanna séu önnur en hann heldur fram.

Stefndi vitnar í landamerkjabréf fyrir Brúsholt máli sínu til stuðnings, en þar sé landamerkjum milli Brúsholts og Skóga þannig lýst: „...að austanverðu ræður lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá...“ Stefndi bendir á, að Brúsholtslækur ofan vegar sjáist vel á loftmyndum, einkum dskj. nr. 14. Þar sjáist einnig vel, hvar hann rennur nú, svo og gamli farvegurinn, sem liggi sem næst beinni línu niður af læknum miðað við hliðina. Þá bendir stefndi á, að frá brúnni yfir Flókadalsá við Múlastaði sé grasi gróin eyri, sem heiti Stóraeyri, sbr. loftljósmyndir á dskj. nr. 14 og 15, og liggi hún upp frá brúnni norðan megin ár og austur með Flókadalsá á hinu umdeilda landsvæði. Bendir hann á,

að á meðan þörf var á að stunda engjaheyskap, hafi Stóraeyri verið gott land til slægna og hafi verið slegin annað hvert ár af bóndanum í Brúsholti, eftir því sem kunnugir menn segi. Stefndi hefur leitt mörg vitni, sem staðfest hafa þá staðhæfingu. Stefndi vitnar í örnefnaskrá fyrir Brúsholt, sem skráð er af Ara Gíslasyni eftir upplýsingum frá Þorsteini Þorsteinssyni, fyrrum bónda í Brúsholti, og Guðmundi Illugasyni, lögregluþjóni og fræðimanni, sem alinn var upp í Skógum. Þar segir m.a. svo: „...þar inn af, inn á merki móti Skógum, er stór eyri við ána, sem heitir Stóraeyri...“. Þetta ásamt framburði fjölda kunnugra manna telur stefndi m.a. styðja þá fullyrðingu sína, að Stóraeyri á hinu umdeilda svæði sé í landi Brúsholts, og mótmælir því, sem fram kemur í greinargerð stefnanda, þar sem segir, að bóndinn í Brúsholti hafi fengið að heyja í landi Skóga. Við skoðun á landi þessara tveggja jarða sjáist einnig greinilega, að Skógar hafi ekki verið aflögufærir með engjar.

Varðandi farveg Brúsholtslækjar nú, sem liggja úr Bláfinnsvatni sem næst beina stefnu niður hlíðina og í gegnum ræsi á þjóðveginum, en sveigi síðan í a.m.k. 90° til vesturs og renni þaðan í mjög djúpum farvegi vestur með bökkunum, sem þarna eru, og í Flókadalsá við brúna hjá Múlastöðum, tekur stefndi fram, að ef loftmynd á dskj. nr. 14 sé skoðuð, sjáist greinilega lægð, sem sýni, að hér hafi kvísl úr Flókadalsá runnið, þegar áin hafi legið með þunga sínum á norðurbakkanum. Þessari skoðun sinni til sönnunar, auk þess sem sjáist af tilvitnaðri loftmynd og skoðun á vettvangi, bendir hann á, að vatn það, sem renni eftir farvegi Brúsholtslækjar, hljóti að vera mjög lítið. Það sjáist best á því, hversu farvegurinn ofan frá Bláfinnsvatni og niður sé grunnur. Vatnið sé svo lítið, að það hafi ekki myndað farveg, sem nafn sé gefandi, í gegnum tíðina. Í öðru lagi bendir hann á, að þar sem lækurinn beygi nú til vesturs neðan vegar, sé jarðvegur mjög gljúpur og veikur, þ.e. grámosaþúfur og aurbleyta undir, þannig, að ef eitthvert vatn væri í læknum, myndi hann brjótast þar í gegn til að halda beinni stefnu. Loftmynd frá 1945 á dskj. nr. 15 sýni mjög óljósan eða engan farveg Brúsholtslækjar frá þeim stað, sem vegurinn er nú, og niður. Samkvæmt því hafi vatnið úr læknum dreift sér yfir landið þar og sameinast síðan í lægð, merktri C á dskj. nr. 52. Til þessa bendi einnig hallamæling frá 29. desember 1987 á dskj. nr. 44. Mjög sé sennilegt, að áin hafi lokað þessum farvegi. Beygjan þarna austur á ánni bendi til, að straumur árinna hafi lent uppi í farvegi lækjarins og síðan lokað honum. Orðalagið í landamerkjabréfinu fyrir Brúsholt styðji þessa skoðun, en þar segir: „... og liggur nærri beinni stefnu niður að Flókadalsá...“ Þetta orðalag gæti á engan hátt átt við, ef lækurinn hefði á þeim tíma þverbeygt í 90° í vestur, eins og hann geri nú. Þeir, sem áttu hlut að máli á sínum tíma, hafi talið heppilegt að nota sjónhendingarlinuna þarna á eyrinni og því valið stað

útsunnan við ána, þ.e. móahornið. Í þessu sambandi mótmælir stefndi því, sem fram kemur í greinargerð stefnanda, að móabarðið sé við brúna, sem er yfir ána við Múlastaði. Þetta sé ekki í samræmi við það, sem fram komi í landamerkjabréfinu fyrir Brúsholt. Auk þess hafi ekkert gildi að hafa sjónhendingarlinu frá ósi lækjarins þarna við brúna, áin renni þar í gljúfri, og frá þeim stað sjáist mjög skammt í útsuður. Sjónhendingarlína hafi fyrst gildi frá punkti, sem sést langt að, og gott geti verið að nota sjónhendingu þar, sem hætta sé á, að merkjapunktur spillist, t.d. á áreyrum, eins og hér sé um að ræða. Auk þessa leyfi málvenja ekki hér í Borgarfirði að kalla þennan stað móahorn. Þá bendir stefndi á, að merkjum Skóga og Hrísa hagi svipað til og milli Brúsholts og Skóga, þar ráði Djúpilækur merkjum ofan fyrir Sjónarhól og beint þar í Flókadalsá. Djúpilækur renni hins vegar vestur með ofan við eyrarnar svipað og Brúsholtslækur nú. Þetta sýni ákveðna staðbundna venju, hvað landamerki snertir.

Þá nefnir stefndi, að veiði hafi lengst af verið í Flókadalsá. Veiðiréttar-eigendur hafi á sínum tíma stofnað Fiskiræktarfélag Flóku, sem síðan hafi leigt veiðina í 15 ár frá 1942. Ekki liggi fyrir arðskrá fyrir það tímabil. Árið 1958 hafi tveir matsmenn verið fengnir til að mæla bakkalengd Flókadalsár frá ólaxgengum fossi í Hrísalandi að Hvítá vegna ákvörðunar veiðiréttareigenda að gera arðskrá. Hafi landeigendur í Flókadal verið boðaðir til að koma á landamerki og sýna þau. Þar hafi enginn ágreiningur komið fram. Arðskráin hafi síðan verið samin með tilliti til þessarar mælingar. Þá hafi hið umdeilda svæði verið mælt með Brúsholtslandi.

Vottorðum Þórðar Erlendssonar frá 8. september 1972 og Guðmundar Þórðarsonar frá 27. desember 1972, sem fram hafa verið lögð í málinu, vill stefndi mótmæla, þar sem segir í þessum vottorðum, að Brúsholtslækur ráði landamerkjum, þar til hann rennur í Flókadalsá ... „við hina nýju brú á ánni hjá Múlastöðum...“ Stefndi mótmælir því sem röngu eða undirrituðu af vangá. Þórður er látinn, en Guðmundur hafi viðurkennt, að þetta sé rangt, með því að undirrita dskj. nr. 28 og staðfesta þar með skoðun bræðra sinna, Sveins og Ingva, sbr. vottorð á dskj. nr. 23 og 30.

Þá telur stefndi stefnanda hafa sýnt tómlæti að snúa sér ekki til valds-manns í samræmi við 8. gr. 1. nr. 41, 1919, þar sem fram komi í aðila-skýrslu Matthíasar Á. Matthíesens, eins eiganda Skóga sf., að honum hafi borist vitneskja um það 1. júlí 1972, að Sigurður Albertsson, bóndi í Brúsholti, teldi, að landamerki Brúsholts næðu austur fyrir Brúsholtslæk. Þrátt fyrir þessa meintu vitneskju eða grun snúi hann sér ekki til valdsmanns, heldur fái vottorðin á dskj. nr. 9 og 10 og geri síðan ekkert í tæpan hálfan annan áratug. Á þessum tíma hverfi yfir móðuna miklu mjög mikilvæg vitni og gjörkunnug. Af þessum tómlætisaðgerðum telur stefndi stefnanda verða að bera hallann frá lagalegu sjónarmiði. Hér hafi einnig verið um

löglærðan mann að ræða, sem átt hefði að vera kunnugt um nauðsyn þess að leysa sem fyrst úr ágreiningi sem þessum. Stefndi segist hins vegar fyrst hafa fengið að vita um þann ágreining, sem mál þetta fjallar um, fyrir eða eftir áramót 1986/1987, en þá hafi einn af eigendum Skóga hringt til sín og sagt sér þetta.

Stefndi tekur fram og vitnar til margra framlagðra vottorða, að fjöldi fólks hafi verið inntur eftir því, hvort það minntist þess, að ágreiningur hefði verið um þessi landamerki í þess minni, og hafi enginn kannast við að hafa heyrt einu orði minnst á það.

Stefndi ber fram þá málsástæðu, fari svo, að dóminum finnist einhver vafi á eignarrétti sínum að hinu umdeilda landi, að fyrir liggir, að eigendur hafi, svo lengi sem menn muna, nýtt þetta land og hafi unnið á því hefð, sbr. 3. gr. laga nr. 46, 1905.

Niðurstaða.

Stefnandi gerir kröfu til, að landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadalsdal í Reykholtshreppi ráðist af Brúsholtslæk frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn (sbr. landamerkjabréf frá 1892 fyrir Skóga), með öðrum orðum lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá (sbr. landamerkjabréf Brúsholts frá 1884), þar sem lækurinn rennur í ána og þar sem nú er brú á ánni.

Stefndi krefst sýknu og gerir kröfu um, að landamerki jarðanna Brúsholts og Skóga fylgi Brúsholtslæk frá Bláfinnsvatni suður undir Þjóðveg, en þaðan línu til suðurs yfir Flókadalsá, sbr. dskj. nr. 69.

Aðilar málsins hafa lagt fram loftmyndir og landabréf, sem sýna legu Flókadalsár og Brúsholtslækjar á mismunandi tímum. Elsta kortaheimildin er frá 1911, en hin yngsta frá 1983.

Landamerkjabréf Skóga og Brúsholts hafa ekki verið vefngd. Bæði bréfin tilgreina Brúsholtslæk og Flókadalsá sem landamerki. Við úrlausn þessarar landamerkjaprætu er þess vegna nauðsynlegt að hyggja að þessum tveimur vatnsföllum.

Stefndi hefur lagt fram sérfræðilega greinargerð um farvegi Brúsholtslækjar og Flókadalsár (dskj. nr. 59). Helstu niðurstöður þeirrar greinargerðar eru þær, að farvegur Brúsholtslækjar sé stöðugur niður að flatlendinu neðan Þjóðvegjar, en eftir það hafi lækurinn ekki alltaf verið í sama farvegi og Flókadalsá flæmst um eyrar og brotið bakka sína beggja vegna sitt á hvað.

Af skjölum málsins, bæði greinargerð sérfræðings og loftmyndum, er sýna glögg mótun landsins á landamerkjum Skóga og Brúsholts svo og við farveg Flókadalsár, og af vettvangskonun má draga saman eftirfarandi

heildarmynd af Brúsholtslæk og Flókadalsá með tilliti til landamerkjia jarðanna tveggja:

Brúsholtslækur er vatnslítið afrennsli úr Bláfinnsvatni, sem jafnar rennsli hans, eins og titt er við slíkar aðstæður, svo að farvegur hans er stöðugur, þar til hann kemur niður á flatlendið sunnan þjóðveggar, en þar beygir lækurinn til vesturs og rennur aðgerðarlítill vestur undir brú, þar sem hann sameinast rennsli í Flókadalsá. Ljóst er, að vatn hleypur öðru hverju í Brúsholtslæk niðri á flatlendinu, þegar vöxtur hleypur í Flókadalsá. Af þessu má ráða, að Brúsholtslækur hafi ekki breytt farvegi sínum ofan þjóðveggar á síðustu öldum. Hins vegar verður farvegurinn óstöðugur strax neðan við þjóðveg, og sjást tveir eldri og yfirgefnir lækjarfarvegir greinilega á flatlendinu.

Flókadalsá er dæmigerð dragá. Vatnsrennsli í dragám er mjög breytilegt, enda draga þær til sín vatn úr fjölda smálækja og eru háðari veðurfari en aðrar ár. Flóð koma í dragár í stórrigningum, vorleysingum og snöggum vetrarhlákum, og er Flókadalsá engin undantekning að þessu leyti. Þar sem dragár renna ekki í gljúfrum eða eru ekki í bröttum farvegi, hlaða þær jafnan undir sig eyrum, sem þær kvíslast um í svigðum. Vatnkvíslarnar eru á stöðugri, en hægri hreyfingu til hliðar, þegar rennsli er stöðugt, en í flóðum verða stundum skyndilegar breytingar. Allar þessar breytingar eiga sér stað innan hins rauuverulega árfarveggar, sem fer aldrei allur undir vatn nema í mestu flóðum.

Þannig háttar til við eyrnar í Flókadalsá ofan við brúna, að þar er klapparhaft í ánni, sem veldur því, að árfarvegurinn er fremur flatur þar austur af, og rennur Flókadalsá þar á eyrum. Á nýlegum loftmyndum sést, að áin rennur gjarnan í mörgum kvíslum, gjarnan tveimur til fjórum, og á milli þeirra eru flatar áreyrar. Nyrðri og syðri mörk þessara hreyfanlegu kvísla koma mjög greinilega fram á loftmyndum og við vettvangsskoðun. Að norðanverðu er þannig greinilegur bakki, sem liggur rétt sunnan við meðfram þjóðveginum. Annar yngri bakki kemur fram enn sunnar, þar sem Brúsholtslækur fellur fram af mólendri eyri niður á valllendisengi. Ekki liggja fyrir gögn um breytingar á kvíslum Flókadalsár á fyrri öldum, en ætla má út frá reynslu og athugunum landmótunarfræðinga annars staðar, að náttúruleg sveifla í legu vatnkvíslanna frá norðurbakka farveggar til suðurbakka geti tekið nokkra áratugi til fáeinar aldir.

Af elstu kortaheimild um legu Flókadalsár, þ.e. korti danska herforingjaráðsins í mælikvarðanum 1:50 000, sem prentað var árið 1911, má ráða, að Flókadalsá hafi á móts við Brúsholtslæk, þar sem þjóðvegurinn fer yfir hann, runnið nærri norðurbakka sínum, þegar landmælingin var gerð, og mjög nærri þeim stað, þar sem Brúsholtslækur sveigir nú til vesturs, eftir að hann fellur niður á flatlendi. Samanburður á þessu korti og nýjasta

prentuðu landakorti af svæðinu, gróðurkorti á dskj. 53, sýnir, að farvegur Flókadalsár hefur nær ekkert breyst, þar sem áin rennur á berggrunni austar og vestar í þröngum farvegi, og ber kortunum þar vel saman, en hins vegar eru vatniskvíslar á eyrum mjög frábrugðnar. Telja verður því augljóst, að þessi munur á kortunum eigi sér náttúrulegar skýringar í hegðun dragárinnar, en að mæliskekkjur skipti ekki máli, enda er vandséð, hvernig þær ættu að tengjast gerð berggrunnnsins.

Orðalag landamerkjabréfsins frá 1884 fyrir Brúsholt kemur illa heim við staðhætti, eins og þeir eru nú. Þar sem lækurinn sameinast nú ánni, þrengja klapparholt að henni beggja vegna og ekki um neitt móahorn að ræða þar útsunnan til við ána, enda hefði tæplega þurft frekari kennileiti en ána sjálfa á þeim stað. Ekki getur núverandi lækjarfarvegur heldur talist liggja nærri beinni stefnu niður að Flókadalsá, eins og segir í landamerkjabréfi Brúsholts. Orðalag landamerkjabréfs fyrir Brúsholt fellur betur að staðháttum, ef Flókadalsá hefur kvíslast um norðurhluta farvegseyranna, þegar bréfið var samið, og þá getur miðið á móahorn einnig vel staðist.

Málsaðila greinir á um legu móahorns, sem tilgreint er í landamerkjabréfi Brúsholts útsunnan til við Flókadalsá. Stefnandi heldur því fram, að móahornið eigi við holtið vestan við Brúsholtslæk, þar sem hann rennur í Flókadalsá við brúna. Stefndi heldur því fram í kröfugerð sinni, að móahorn eigi við melhól við suðurmörk flatlendisins, og merkir staðinn D á mynd 3, dskj. nr. 52. Tvö slík mólendisholt mynda tanga eða horn út í láglandið, sem Flókadalsá kvíslast um. Holtið, sem stefndi tilgreinir með punkti D, er hið austara og liggur sem næst í suður frá þeim stað, er þjóðvegurinn liggur yfir Brúsholtslæk. Vitnaleiðslur hafa ekki leitt í ljós nánari staðsetningu móahornsins. Ekki verður á það fallist, að staðsetning stefnanda geti átt við móahorn útsunnan til við Flókadalsá, heldur verður að ætla, að lýsingin eigi við stað, sem er suðvestan megin við ána. Ekki verður heldur séð, að staður D á dskj. 52 sé í suðvesturstefnu frá neinum þeim stað, sem ætla má, að Brúsholtslækur hafi runnið í Flókadalsá. Til þess er staður D of austarlega. Dómendur telja, að vestara móaholtið geti svarað til lýsingar í landamerkjabréfi Brúsholts frá 1884.

Orðalag í landamerkjabréfi Skóga getur fyllilega átt við staðhætti nú, en engu síður við norðlægari legu Flókadalsár.

Að tilhlutan málsaðila hefur Bjarni Johansen byggingatæknifræðingur gert uppdrátt af þrætulandinu, sem lagður hefur verið fram í málinu á dskj. nr. 69. Einnig hefur Skúli Jóhannsson verkfræðingur gert uppdrátt af þrætulandinu að tilhlutan stefnanda, dskj. nr. 71. Á uppdrætti þessa eru dregnar markalínur, sem aðilar málsins krefjast, að dæmdar verði.

Dómurinn getur hvorki fallist á kröfugerð stefnanda né stefnda af ástæðum, sem hafa verið raktar hér að framan.

Að tilhlutan dómsins hefur Bjarni Johansen byggingatæknifræðingur fært inn á uppdrátt af þrætulandinu niðurstöður dóms þessa.

Á þeim uppdrætti er punktur merktur F sá staður, sem Brúsholtslækur hefur áður fyrr fallið í Flókadalsá að mati dómsins. Fyrir neðan þennan stað telur dómurinn óhugsandi að nota Brúsholtslæk sem landamerki, enda er farvegur hans þar aðgerðarlítill og óstöðugur og ræðst fremur af rennsli Flókadalsár á hverjum tíma en eigin rennsli, eins og fyrr er rakið, og er það að mati dómsins skýring á því, að í landamerkjabréfi Brúsholts er móahorn útsunnan til við Flókadalsá notað sem endapunktur landamerkjalinunnar.

Á framangreindum uppdrætti Bjarna Johansens er staður merktur G sá staður, sem dómurinn telur vera móahorn útsunnan til við Flókadalsá og svara til lýsingar í landamerkjabréfi Brúsholts frá 1884, eins og áður segir.

Lögmenn málsaðila hafa lýst yfir því, að ekki sé ágreiningur um merki milli jarðanna ofan núverandi þjóðveggar, en gera kröfu um, að þau verði staðfest af dóminum.

Dómurinn telur sannað, að Stóraeyri hafi verið nytjuð til slægna frá Brúsholti, en hún er austan kröfulínu stefnanda, eins og áður hefur fram komið.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, ákveðast landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts svo sem tilgreint er á meðfylgjandi uppdrætti Bjarna Johansens byggingatæknifræðings þannig: Brúsholtslækur úr Bláfinnsvatni, punktur merktur E, að punkti merktum F, og þaðan í Flókadalsá eftir línu, sem dregin er á milli punktanna F og G.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Rúnar Guðjónsson sýslumaður, dómsformaður, og meðdómsmennirnir dr. Jón Eiríksson jarðfræðingur og Gísli Kjartansson héraðsdómslögmaður.

D ó m s o r ð:

Landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts ákveðast þannig: Brúsholtslækur úr Bláfinnsvatni, punktur merktur E á framangreindum uppdrætti, að punkti merktum F, og þaðan í Flókadalsá eftir línu, sem dregin er á milli punktanna F og G.

Málskostnaður fellur niður.